



## Helstu áhersluverkefni í Háskóla Íslands 2013-2014

Starfsáætlun samþykkt í háskólaráði 5. september 2013, endurskoðuð 6. febrúar 2014

### Framkvæmd *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016*:

#### 1) Rannsóknir og nýsköpun

- Markviss nýliðun í hópi ungra vísindamanna á öllum fræðasviðum fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.  
*Ráðið í 7 störf lektora og 12 störf nýdoktora á vormisseri 2014. Fimm nýdoktorastörf til viðbótar verða auglýst á vormisseri 2014.*
- Markviss nýliðun akademískra starfsmanna fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.  
*Ráðið hefur verið í allmörg störf á öllum fræðasviðum.*
- Mótun stefnu um opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og lokaverkefnum.  
*Drög starfshóps háskólaráðs rædd á háskólaþingi og á vettvangi fræðasviða, starfsnefnda háskólaráðs og sameiginlegrar stjórnsýslu. Lögð fyrir háskólaráð 6. febrúar 2014.*
- Efling stoðumhverfis nýsköpunar og hagnýtingar rannsóknaniðurstaðna:
  - Uppbygging Vísindagarða HÍ í samvinnu við Reykjavíkurborg, Alvogen o.fl.  
*Kaup Vísindagarða ehf. á Sturlugötu 8. Bygging stúdentagarða. Bygging lyfjaþróunarseturs Alvogen Bio Tech hófst 7. nóvember sl.*
  - Efling Hagnýtingarsjóðs og Hugverkanefndar HÍ.  
*Aldarafmælistjóður styrkir.*
  - Aukinn stuðningur við einkaleyfaumsóknir og stofnun sprotafyrirtækja.  
*Sjá að ofan. Hugverkanefnd og Vísinda- og nýsköpunarsvið annast þjónustu við sprotafyrirtæki og umsóknir um einkaleyfi.*
- Auka vitund um möguleika og gildi nýsköpunar á öllum sviðum.  
*Átak á vettvangi fræðasviða, Vísinda- og nýsköpunarsviðs, Hugverkanefndar, Klaks-Innovit ehf. Efld samvinna Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Félagsvísindasviðs.*
- Aukin stoðþjónusta við sókn í erlenda samkeppnissjóði.  
*Markvisst unnið að undirbúningi umsókna um styrki úr erlendum samkeppnissjóðum, m.a. með þjálfun og alþjóðlegri ráðgjöf.*
- Átak til eflingar rannsóknsumhverfis, s.s. með nýjum tækjakosti, bættri stoðþjónustu og betra aðgengi að gagnagrunnum, m.a. fyrir tilstilli Aldarafmælistjóðs.

#### Þróunar- og samstarfsverkefni

- Aukið samstarf við innlendar rannsóknastofnanir, fyrirtæki, söfn og háskóla, s.s. með því að virkja enn betur samstarfssamninga (Landspítalinn, Matís, Hafrannsóknastofnun, Hjartavernd, Íslensk erfðagreining, Þjóðminjasafn Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum o.fl.) og með auknu samstarfi opinberu háskólanna.

Endurnýjaðir samningar við Matís, Hjartavernd, Íslenska erfðagreiningu, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Samstarf á grundvelli eldri samninga eftt, s.s. við Hafrannsóknastofnun. Samstarfsnet opinberu háskólanna.

- Aukin þverfræðileg samhæfing og samnýting krafta innan HÍ og efling samstarfs við atvinnulíf í víðum skilningi (fyrirtæki, menningarstofnanir, skólar, félagskerfi, heilbrigðisþjónusta, íþróttahreyfing o.fl.). Sérstök áhersla lögð á endurnýjanlega orku, málefni norðurslóða, fjarkönnun, sjávarútveg, ferðaþjónustu, miðaldarfræði og rannsóknir á grunnstoðum íslensks samfélags, heilbrigðismálum og hag viðkvæmra hópa o.fl.

Sigrún Anna Karlsdóttir hefur tekið að sér samhæfingu verkefna á sviðum endurnýjanlegrar orku. Brynhildur Davíðsdóttir hefur tekið að sér samhæfingu verkefna á sviði norðurslóða. Jón Atli Benediktsson hefur tekið að sér samhæfingu verkefna á sviði fjarkönnunar.

- Fjárhagslegt deililíkan endurskoðað til að auðvelda þverfræðilegar áherslur (sjá einnig kaflana „nám og kennsla“ og „fjármál“).
- Aukið samstarf við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir í fremstu röð. Áhersla á að virkja enn betur samninga við háskóla á borð við Kaliforníuháskólana, Caltech, Stanford, Purdue, Karolinska, Kaupmannahafnarháskóla, Árósháskóla, Óslórháskóla, Helsinkiháskóla o.fl.

Samstarfssamningar hafa verið endurnýjaðir við Caltech, Stanford og Purdue. Nýr samningur gerður við Karolinska um hagnýtingu hugverka.

- Efling Rannsóknasetra HÍ á landsbyggðinni.

Endurskoðaðar reglur um Stofnun rannsóknasetra HÍ samþykktar í háskólaráði 5. desember 2013.

- Samstarf við menntastofnanir í næstu nágrennalöndum – Grænlandi og Færeyjum.

Samstarfssamningur HÍ við Fróðskapasetur Föroya frá 2009 útvíkkaður með viðbótarsamningi frá 1. september 2013 sem gildir í 3 ár. Rektor Háskólans í Nuuk væntanleg í heimsókn til HÍ 2014.

- Stefnumótun vegna sameiningar Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

## 2) Nám og kennsla

- Aðgangspróf fyrir háskólastigið: Áframhaldandi þróun og innleiðing almenns aðgangsprófs fyrir háskólastig.

Aðgangsprófi beitt í Hagfræðideild 2012 og Lagadeild 2014. Til skoðunar á vettvangi annarra deilda. Unnið að öðrum aðgerðum til að auka námsástundun.

- Gæðamál: Áframhaldandi innri úttektir skv. áætlun Gæðaráðs háskóla. Veturinn 2013-2014 fara fjórar deildir í mat og vorið 2014 munu 15 deildir og þverfræðilegar námsleiðir HÍ hafa lokið ítarlegu sjálfsmati. Samhliða því hefst undirbúningur heildarmats á HÍ og verður sjálfsmatsskýrslu skilað í október 2014. Viðbrögð og eftirfylgni með sjálfsmatsskýrslum deilda.

Framkvæmd skv. áætlun.

- Innleiðing nýrrar tækni á sviði náms og kennslu og nýting netnámskeiða (m.a. MOOC): Vorið 2013 skilaði starfshópur háskólaráðs tillögum um nýtingu netnámskeiða erlendra háskóla og framleiðslu netnámskeiða HÍ í tilraunaskyni. Skipuð hefur verið verkefnisstjórn sem fylgir tillögunum eftir.

Verkefnisstjórnin auglýsti eftir áhugasömum kennurum og hefjast skipulegar tilraunir með nýtingu opinna netnámskeiða í kennslu við HÍ á vormisseri 2014.

- Ákvörðun formlegra viðmiða og krafna um gæði meistaranáms við HÍ.

**Samþykkt á háskólaþingi 14. nóvember og í háskólaráði 5. desember 2013.**

- Stefna fræðasviða og deilda um nám og kennslu (móttaka stúdenta, skilgreining hæfniviðmiða (e. learning outcomes), fjölbreyttir kennsluhættir, námskeið fyrir nýja og eldri kennara, gæðaferlar o.fl.).

**Unnið er að málinu á vettvangi fræðasviða, deilda, kennslumálanefndar og Kennslumiðstöðvar.**

- Aukið samstarf fræðasviða og deilda. Möguleikar á umbótum í húsnaði vegna breyttra kennsluhátta skoðaðir.
- Fjárhagslegt deililíkan endurskoðað til að auðvelda þverfræðilegar áherslur (sjá einnig kaflana „rannsóknir og nýsköpun“ og „fjármál“).
- Námsframboð sem sérstaklega er sniðið að þörfum samfélagsins fyrir fjölgun raungreinakennara á framhaldsskólastigi.

**Átak á vettvangi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Menntavísindasviðs.**

- Átak til að fjölga nemendum í tilteknum greinum til að mæta þörfum samfélags – rafmagnsverkfræði, kennaramenntun o.fl.

**Unnið er að málinu á vettvangi fræðasviða og deilda. Áhersla vegna kennaramenntunar – samstarf við Kennarasamband Íslands, sveitarfélög og mennta- og menningarmálaráðuneyti.**

- Endurskoðun kennslukönnunar í grunnnámi, stutt miðmissisröskönnun og ný könnun fyrir framhaldsnám. Aukin eftirfylgni og niðurstöður gerðar sýnilegri.

**Unnið er að málinu á vettvangi kennslumálanefndar og Kennslumiðstöðvar.**

- Samræming vinnuframlags og námseiningamats.
- Samþætting rannsókna og kennslu á öllum námsstigum.
- Bætt tölfræði og miðlun upplýsinga um nemendur og námsárangur.
- Kerfisbundnar viðhorfskannanir meðal nemenda á öllum námsstigum. Fylgst reglubundið með afdrifum brautskráðra nemenda.

**Viðhorfskannanir meðal núverandi og fyrrverandi nemenda hafa verið gerðar með skipulegum hætti frá 2011. Að frumkvæði HÍ og með stuðningi Samstarfsnets opinberu háskólanna taka allir opinberu háskólarnir þátt í samræmdum könnunum frá og með hausti 2013.**

### **3) Mannauður**

- Áhersla á bætt kjör og aðstöðu starfsfólks skólans.

**Unnið er að þessu verkefni, m.a. í tengslum við kjarasamningagerð á árinu 2014.**

- Áhersla á bætt kjör stundakennara.

**Í framhaldi af langvarandi viðræðum milli HÍ og ráðuneyta hefur verið skipaður starfshópur innan HÍ sem lögfræðingur háskólans leiðir. Farið verður yfir réttarstöðu og kjör stundakennara og leiðir til úrbóta. Leitað verður eftir aðkomu fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem og hagsmunaaðila.**

- Tengd störf á milli fræðasviða, deilda og helstu samstarfsaðila (e. joint appointments).
- Jafnréttismál í víðum skilningi: Ný jafnréttisáætlun HÍ fyrir tímabilið 2013-2017. Eftirfylgni með ákvörðun háskólaráðs vegna skýrslu um Stöðu og þróun jafnréttismála við HÍ 2008-2011.

**Jafnréttisáætlun HÍ 2013-2017, sem unnin var af hálfu jafnréttisnefndar, samþykkt í háskólaráði 16. janúar 2014. Tillaga jafnréttisnefndar að verklagsreglum um viðbrögð**

við kynbundinni og kynferðislegri áreitni innan HÍ einnig samþykkt í háskólaráði 16. janúar 2014.

- Helstu upplýsingar verði aðgengilegar jafnt innlendum sem erlendum starfsmönnum og stúdentum.

Unnið að þýðingu mikilvægustu gagna og upplýsinga á ensku. Átak í vefmálum 2014.

- Samþætting siðfræði og faglegs náms.

Siðfræðistofnun vinnur að verkefninu með stuðningi Aldarafmælistjóðs.

- Breytt skipulag Stúdentaráðs nýtt til aukins samstarfs við stúdenta á vettvangi deilda, fræðasviða og HÍ í heild.

#### 4) Ábyrgð gagnvart samfélagi og umheimi

- Áframhaldandi innleiðing sjálfbærni- og umhverfisstefnu HÍ: Átaksverkefni á völdum sviðum.

Sjálfbærni- og umhverfisstefna HÍ samþykkt í háskólaráði 1. mars 2012. Ný heimasíða umhverfis- og sjálfbærnimála tekin í notkun snemma árs 2014. Mikið starf unnið á sviði sorpflokkunar, orkunýtingu og samgangna.

- Skipuleg uppbygging hollvinastarfs.
- Nýting og menntun mannauðs í fjölmenningsamfélagi, m.a. með því að hvetja innflytjendur í auknum mæli til náms í HÍ.

Ný Skrifstofa alþjóðasamskipta hefur m.a. að markmiði að styðja betur við erlenda nemendur og innflytjendur. Sérstakir styrkir veittir úr Afreks- og hvatningarsjóðs HÍ til innflytjenda og nýbúa. Styrkir frá Nýherja til þátttöku í Háskóla unga fólksins. Ný jafnréttisáætlun HÍ kveður á um ýmsar aðgerðir til að styðja við þetta markmið.

- Áframhaldandi miðlun vísinda til ungs fólks.

Vísindavefur, Háskóli unga fólksins, Háskólalest, Vísindasmiðja, Háskóladagur, Tímarit HÍ, framleiðsla sjónvarpsþáttanna „Fjársjóður framtíðar“.

#### Skipulag og stjórnkerfi

- Úttekt á árangri sameiningar KHÍ og HÍ og stöðu kennaramenntunar.

Mat á árangri sameiningar KHÍ og HÍ og stöðu kennarmenntunar í alþjóðlegu samhengi fer fram á vormisseri 2014.

- Stjórnkerfi styrkt (skipurit samræmd, verklagsreglur, gæðahandbók, stoðþjónusta eflid, verka- og ábyrgðarskipting miðlægt og á fræðasviðum samræmd o.fl.).
- Stjórnendabjálfun eflid.
- Endurskoðun á skipulagi og áherslum á sviði upplýsingatæknimála.
- Áframhaldandi markviss uppbygging Miðstöðvar framhaldsnáms.

Skrifstofustjóri ráðinn, ný stjórn skipuð, stefna um gæði framhaldsnáms mótuð.

- Festa í sessi nýtt skipulag Vísinda- og nýsköpunarsviðs og Skrifstofu alþjóðasamskipta, í því skyni að bæta þjónustu við innlenda og erlenda starfsmenn og stúdenta.

#### Fjármál

- Fjárlög 2014 – áherslur HÍ og eftirfylgni.
- Aldarafmælistjóður: Í stjórnsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um að fylgt verði ákvæðum samnings um Aldarafmælistjóð varðandi stefnumótun um fjármögnun til ársins 2020. Vinna við stefnu um fjármögnun 2015-2020 hefst á haustmisseri.

- Kjarasamningar og kjaramál.
- Styrktarsjóðir: Bætt nýting Styrktarsjóða HÍ til eflingar starfsemi skólans.
- Áhersla á niðurfellingu virðisaukaskatts á rannsóknatækjum, niðurfellingu fjármagnstekjuskatts á styrktarsjóði HÍ, skattaafslátt vegna gjafa.
- HÍ beiti sér gegn boðaðri lækkun fjárveitinga Norrænu ráðherranefndarinnar til Norræna eldfjallasetursins (hluti Jarðvísindastofnunar HÍ) 2014.
- Fjármögnun túlkanáms, sem háskólinn tók að sér að beiðni stjórnvalda. Óvissu eytt um Miðstöð ráðstefnutúlkunar.
- Deililíkan endurskoðað til að auðvelda þverfræðilegar áherslur (sjá einnig kaflana „rannsóknir og nýsköpun“ og „nám og kennsla“).
- Nýjar leiðir fjármögnunar skoðaðar fyrir HÍ í heild.

### Byggingarverkefni og nýframkvæmdir

- Hús íslenskra fræða.  
**Frestað um eitt ár.**
- Hús Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.  
**Unnið að lokafjármögnun.**
- Nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs á LSH-svæðinu.  
**Hagfræðistofnun HÍ vinnur að úttekt fyrir stjórnvöld um verkefnið.**
- Þarfagreining fyrir Menntavísindasvið.
- Háskólabíó.  
**Viðgerðir á ytra byrði. Breytt skipulag á 1. hæð og neðri hæð. Lokið sumarið 2014.**
- Húsnæðismál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.  
**Unnið að flutningi skrifstofu fræðasviðsins í Tæknigarð. Framkvæmdum lýkur fyrir upphaf haustmíssis 2014.**
- Vísindagarðar (sbr. kafla um „Rannsóknir og nýsköpun“).  
**Kaup Vísindagarða ehf. á Sturlugötu 8. Bygging lyfjaþróunarseturs Alvogen Bio Tech hófst 7. nóvember sl.**
- Stúdentagarðar.  
**Stúdentagarðar á Vísindagarðalóð vígðir haustmísseri 2013 og vormísseri 2014.**

### Upplýsingamiðlun

- Ytri og innri vefur.
- Fundir (háskólaráð, fundir rektors og fræðasviðsforseta, fundir fræðasviðsforseta á sviðum og í deildum, deildarfundir, fundir rektors með deildum og öðrum starfseiningum, opnir fundir rektors).
- Fréttabréf, fundargerðir og önnur miðlun upplýsinga. Árlegt *Tímarit HÍ*.

### Samstarfsnet opinberra háskóla

- Greining á enn frekari samstarfsmöguleikum á hverju fræðasviði fyrir sig.
- Innleiðing sameiginlegs upplýsingakerfis (Ugla).
- Aukið samstarf á sviði gæðamála.